að leitast alvarlega við að kynna mjer æ betur og betur goðsorð og trúarlærdóm- 88
ana, svo jeg verði því færari um að gegna mínu helga embætti; 31. ágúst.

að ganga á undan söfnuði mínum með góðu eptirdæmi og grandvöru líferni, reka embætti mitt með hlýðni, sem vera ber, við kirkjulögin í öllum greinum og hegða mjer þannig við yfirboðara og stjettarbræður mína, að enginn geti með rökum ákært mig.

Með reikningsskapardaginn fyrir augum heiti jeg því að halda allt þetta samvizkusamlega eptir því sem Guð vill veita mjer náð til þess«.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir biskupi og ber einnig að kunngjöra það í B deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um* **að eigi verði** 89
leyft að halda „lotteri" þegar vinningarnir sjeu peningar. — Út af þóknanlegu 8. sept.
brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 13. f. m. og þar með fylgjandi bónarbrjefi sóknarnefndarinnar í Hólasókn í Hjaltadal, þar sem hún fer þess á leit, að henni veitist leyfi til að halda »lotteri« með peningavinningum í því skyni, að keypt verði fyrir ágóðann af því orgel í Hólakirkju, tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir greindri sóknarnefnd, að eptir þeim reglum er fylgt hefir verið hingað til verði leyfi eigi veitt, til að halda »lotteri« þar sem vinningarnir sjeu peningar.

Brjef landshöfðingja *til hins frakkneska konsularagents í Reykjavík* **um út-** 90
flutningsgjald af saltfiski veiddum á frakknesku fiskiskipi. — Í heiðruðu brjefi, dags. 11. sept.
23. júlí þ. á. hafið þjer sem frakkneskur konsularagent hjer í Reykjavík, skotið því undir úrlausn mína, hvort það hafi verið rjett að bæjarfógetinn í Reykjavík hafi heimtað útflutningsgjald af saltfiski sem veiddur hafði verið á frakknesku fiskiskipi »Confiance en Dieu« en var lagður hjer í land um tíma, sökum þess að nefnt fiskiskip reyndist ósjófært, og síðan fluttur til Frakklands til eigandans með norsku skipi er leigt var til þess.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða, að tjá yður hjer með þjónustusamlega, eptir að jeg hef fengið álit bæjarfógetans í Reykjavík um mál þetta, að með því að saltfiskur sá, er hjer ræðir um, hafði verið lagður á land hjer í bænum, sem annað strandgóz tilheyrandi ofannefndu fiskiskipi, sem var dæmt ósjófært, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að rjett hafi verið að heimta útflutningsgjald af fiskinum, þegar hann síðar var fluttur til útlanda í skipi sem komið var hingað í öðrum erindum, en var tekið á leigu til flutningsins og síðan afgreitt hjeðan á vanalegan hátt.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um** 91
sveitfesti þurfamanns. — Eptir að jeg með þóknanlegu brefi yðar, herra amtmaður, 13. sept.
dags. 21. f. m., hefi meðtekið skjöl þau, er jeg hafði æskt eptir í sveitfestismáli Kristjáns Hreinssonar, er með úrskurði yðar, 14. desbr. 1886, sem hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur áfrýjað til mín, var álitinn sveitlægur í greindum hreppi, skal yður hjer með tjáð það er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.